



Borgarráð

Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um aukna þjónustu við strætisvagnafarþega á Hlemmi - Umsögn

Á fundi borgarráðs 14. desember sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aukna þjónustu við strætisvagnafarþega á Hlemmi:

Í því skyni að bæta þjónustu við strætisvagnafarþega er lagt til að sala farmiða verði tekin upp að nýju á Hlemmi, e.t.v. með sjálfsala. Jafnframt er lagt til að leiðakerfisupplýsingar verði bætтар, t.d. með því að setja leiðakort upp á áberandi stað og koma fyrir skjá þar sem hægt er að fylgjast með ferðum vagna í rauntíma. Þá er óskað eftir því að klukka verði sett upp á áberandi stað á Hlemmi.

Umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar:

Farþegar Strætó geta keypt miða í verslun 10/11 sem er í um það bil fjörutíu metra fjarlægð frá miðrými Hlemms. Umbylting hefur orðið í tæknilausnum Strætó. Þannig voru einungis 10% ferða árið 2017 greidd með staðgreiðslu en 27% með rafrænni greiðslu. Strætó er þó ávallt með augun opin fyrir nýjum tæknilausnum og hafa miðasjálfsalar verið til skoðunar.

Í leigusamning um Mathöll á Hlemmi er ákveðið svæði innan mathallarinnar sérstaklega tekið frá til þess Strætó geti þar komið upp upplýsingaskjám og jafnvel miðasjálfsölum. Strætó er byrjað að hanna lausnir fyrir upplýsingaskjá í rýmið og munu þeir verða settir upp á næstunni.

Varðandi klukku þá var lengi lítil turn með klukku á Hlemmtorgi. Í sumar eru fyrirhugaðar framkvæmdir við Hlemmtorg og er þá gert ráð fyrir því að sú klukka verði aftur sett upp.

Hrólfur Jónsson